

Ísgerð - Útikennsla

Þessi uppskrift er fyrir tvo og fer ein uppskrift í einn minni poka . Sem sagt, ef tvöfalda á uppskriftina þá þarf að setja í tvo litla poka.

Hráefni

2,5 dl mjólk

2 msk. rjómi

2 msk. sykur

1 tappi vanilludropar eða íssósa

Aðferð

Allt sett í lítinn nestispoka (Ikea m. rennilás/ziplock) hann er lofttæmdur og honum er lokað mjög vel. Þessi poki er settur í annan stærri poka (Ikea m. rennilás/ziplock stærri gerðin nr. 15-20) ásamt 5 lúkum af snjó og 1 lúku af grófu salti. Pokanum er lokað og allt þæft/hrist í góðan tíma (ca. 10-15 mínútur +).

Mikilvægt : Að hafa salt í réttu hlutfalli við snjó !! (snjór í þessu magni myndar kulda og frost til þess að úr verði ís – of lítið eða of mikið af salt hafa önnur áhrif á snjó !!)